

2. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 2. apríl, kl. 13.00, í Flúðaskóla. 15. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Lára Bergljót Jónsdóttir og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði og Anna K. Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Fyrirhugað skóla- og æskulýðsþing
3. Skólastarf í Hrunamannahreppi. Skýrsla Óskars Sandholts.
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Starfsfólk skólans fór í góða ferð til Skotlands í febrúar, með þeim í för var einnig starfsfólk leikskólans. Markmiðið með ferðinni var að starfsfólk Flúðaskóla verði hæfara til þess að innleiða heilsueflingu í skólann og allir geti verið virkir þátttakendur í þessu verkefni. Ferðin heppnaðist vel í alla staði og mjög vel var tekið á móti okkur, við lærðum margt nýtt en einnig sáum við hvað við stöndum vel á mörgum sviðum. Sérstaklega varðandi heilbrigða lífshætti.

Búið er að hengja upp veggteppi með einkunnarorðum skólans í Kvíadal. Allir nemendur skólans tóku þátt í að gera þetta fína veggteppi með því að stimpla handarfar sitt á það.

Flúðaskóli tók þátt í Skólahreysti eins og undanfarin ár og lentum við í fjórða sæti í suðurlandsriðli. Allir nemendur í 8. – 10. bekk fóru og fylgdust með okkar fólki keppa.

6. bekkingar heimsóttu nemendur á miðstigi Þjósarskóla og unnu verkefni með þeim í Þjósárdal.

Hið árlega Halldórs mót, í skák, var haldið miðvikudaginn 14. mars 2012, í Flúðaskóla. Keppt var í tveimur flokkum, 3. - 7. bekk og 8. - 10. bekk, hver þátttakandi tefldi sjö skákir. 77% nemenda í 3. - 10. bekk tóku þátt í mótinu. Öllum nemendum og starfsfólki var boðið uppá vöfflur að hætti Halldórs meðan á móti stóð. Sigurvegari í eldri flokki var Elís Arnar Jónsson, 8. bekk. en í yngri flokki Nói Mar Jónsson, 6. bekk og fengu þeir afhentan farandbikar, sem foreldrafélag Flúðaskóla gaf, ásamt verðlaunapeningi.

Í desember á hverju ári er haldin eldvarnarvika um land allt, í tengslum við það geta nemendur tekið þátt í eldvarnargetraun. Verðlaunin voru afhent núna á dögum og var það Birgir Janusz Kuci, 3. bekk sem fékk verðlaun í þetta sinn. Þetta er annað árið í röð sem nemandi úr Flúðaskóla fær þessi verðlaun sem er sérstakt vegna þess að aðeins eru veitt þrenn verðlaun fyrir allt landið.

Nemendur í 10. bekk tóku þátt í PISA – könnun sem er alþjóðleg prófun á færni nemenda sem haldin er á þriggja ára fresti í yfir 60 löndum.

Stóra upplestrarkeppnin var haldin 20. mars í Félagsheimili Hrunamanna, okkar nemendur stóðu sig vel en komust þó ekki í verðlaunasæti í þetta skiptið.

Við fengum námsráðgjafa til að koma og hitta 10. bekinga og buðum þeim sem áhuga höfðu upp á einstaklingsviðtöl. Flestir nemendur í 10. bekk þáðu það og er greinileg þörf fyrir þjónustu af þessu tagi, enda lögbundið að skólar hafi á sínum snærum námsráðgjafa.

Nemendum í 1. – 7. bekk var boðið á lokaæfingu árshátíðar í Þjórskárskóla og nemendum þaðan var einnig boðið á lokaæfingu hjá okkur. Þetta er skemmtileg hefð sem er liður í því að efla samskipti milli skólanna.

Árshátíðir voru haldnar á miðvikudag og fimmtudag í síðustu viku þar sem allir nemendur tóku þátt með einum eða öðrum hætti. Þetta voru mjög vel heppnaðar skemmtanir sem sýnir okkur enn og aftur hvað öflugur hópur starfar við skólann.

2. Fyrirhugað skóla- og æskulýðsþing.

Formaður fór yfir stöðu verkefnisins og kynnti drög að skipulagi íbúapingsins frá ráðgjafafyrirtækinu Capacent. Þingið verður haldið þriðjudaginn 17. apríl í Félagsheimili Hrunamanna. Nánari upplýsingar verða sendar út þegar nær dregur. Lögð verður mikil áhersla á að fá sem flesta íbúa sveitarfélagana beggja til að taka þátt í þinginu.

3. Skólastarf í Hrunamannahreppi. Skýrsla Óskars Sandholt.

Skýrslan rædd ítarlega, en hún var send hlutaðeigandi aðilum í marsmánuði. Í skýrslunni er áherslan lögð á að skoða stjórnunarþátt menntastofnana sveitarfélagsins. Í lok hennar eru lagðar fram hugmyndir, m.a. um framtíð stjórnunarmynsturs Flúðaskóla. Fundarfólk er sammála um að skýrslan er góð samantekt og gagnlegt innlegg í umræðuna um skólamál sveitarfélagsins.

4. Önnur mál.

- a. Umsókn um launalaust leyfi. Skólastjóri lagði fram umsókn um launalaust leyfi frá Önnu Kr. Ásmundsdóttur, frá 1. ágúst til 31. júlí 2013. Skólastjóri mælir með því að leyfi verði veitt. Fræðslunefnd samþykkir að veita leyfið.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.15.